



Alþingi
Erindi nr. P 139/2556
komudagur 19.5.2011

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 18. maí 2011
1105021 IE

Efni: Umsögn um 706. mál, þskj.1225, lþ. 139, frv. til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Með tölvubréfi dags. 29. apríl 2011, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, 706. mál, þskj. 1225, lþ. 139.

Almennar athugasemdir:

Jafnréttisstofa fagnar því að fram sé komið frumvarp þar sem lagt er til að hin svokallaða austurríska leið sé innleidd. Í ljósi nýjustu rannsókna og skýrslna, sem raktar eru í greinargerðinni með frumvarpinu, telur Jafnréttisstofa það ljóst að nauðsynlegt sé að lögfesta þetta úrræði, þ.e. að heimilt sé að vísa manni brott af heimili eða dvalarstað og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Í þeim tilvikum þar sem um ofbeldi í nánnum samböndum er að ræða, hlýtur það að skipta brotaþola miklu að geta verið áfram inni á sínu heimili, án þess að þurfa að sæta því að hinn brotlegi sé þar einnig. Jafnréttisstofa styður að þetta úrræði verði lögfest. Jafnframt tekur Jafnréttisstofa undir nauðsyn þess að styrkja réttarstöðu brotaþola og þá sérstaklega þeirra sem þola ofbeldi á sínu heimili eða dvalarstað. Jafnréttisstofa fagnar því einnig sem fram kemur í greinargerðinni, sjá bls. 5, að með því að lögfesta heimild til að vísa manni brott af eigin heimili, sé verið að leggja það sjónarmið til grundvallar að ofbeldi inni á heimili sé ekki einkamál, heldur mál sem samfélagið þarf að bregðast við.

Í almennum athugasemdum í greinargerðinni með frumvarpinu kemur fram að í Noregi geti nálgunarbann bæði verið hluti af viðurlögum vegna refsiverðs verknaðar og sjálfstætt úrræði á grundvelli sakamála. Jafnréttisstofa leggur til að það verði skoðað hvort heppilegt gæti verið að lögfesta þessi atriði, þ.e. nálgunarbann og brottvísun af heimili,

Jafnréttisstofa

einnig sem tegund viðurlaga skv. almennum hegningarlögum. Með heimildum til rafræns eftirlits, en frumvarp þar um er til meðferðar á Alþingi, er hægt að hafa nákvæmt eftirlit með aðilum sem dæmdir væru, eða ákvörðun tekin um að sættu nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili. Sjá jafnframt bls. 10 í greinargerðinni með frumvarpinu, en þar kemur fram að í nýju frumvarpi um þessi efni sem er til umfjöllunar í Svíþjóð, sé lagt til að rafrænt eftirlit verði heimilað í nánar tilteknum tilvikum. Sjá einnig umsögn Jafnréttisstofu um 727. mál, þskj. 1251, um frv. til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit o.fl.).


Athugasemdir varðandi einstakar greinar:

5. gr. Jafnréttisstofa leggur til að það verði skoðað nánar hvort kveða ætti á um í þessari grein að heimilt verði að hafa rafrænt eftirlit með þeim sem þarf að sæta nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili. Rökin sem færð eru fyrir því í athugasemdum með 5. gr. frv. í greinargerðinni, eiga einnig við varðandi rafrænt eftirlit, því það er vandséð hvernig á að fylgjast með því að viðkomandi brjóti ekki gegn þeim skilmálum sem honum hafa verið settir í ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili, nema með rafrænum búnaði.

16. gr. Jafnréttisstofa telur að skýra þurfi nánar miðlun hvers konar persónuupplýsinga sé heimil, einnig persónuupplýsingar um hverja; er það aðeins um þann sem vísað er brott af heimili, eða á þetta einnig við um persónuupplýsingar um brotþola og jafnvel aðra á heimili? Ekki er að finna dæmi eða nánari skýringar á þessu atriði í greinargerðinni með ákvæðinu, en Jafnréttisstofa telur að það væri betra að skýra nánar hvað átt er við með miðlun persónuupplýsinga í þessu samhengi. Rétt væri einnig að tiltaka það í þessu ákvæði að hægt sé að kvarta til Persónuverndar, telji einstaklingur að lögregla farið út fyrir heimild sína varðandi miðlun persónuupplýsinga.

Sé óskað frekari skýringa eða upplýsinga vinsamlegast hafið þá samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur